# Hug- og félagsvísindabraut

## Lýsing á braut

Hug- og félagsvísindabraut lýkur með stúdentsprófi og skilar nemendum á þriðja hæfniþrepi. Brautin er 200 einingar og skiptist í kjarna, sérhæfingu, bundið val og óbundið val. Á brautinni er lögð áhersla á hug- og félagsvísindi. Nemendur sem ljúka brautinni hafa öðlast hæfni til að takast á við háskólanám á því sviði. Nemendur eiga einnig að hafa öðlast almenna hæfni sem er í samræmi við hin níu svið lykilhæfninnar og grunnþætti menntunar.

### Kjarni allra stúdentsbrauta • 115 einingar

| | | |
|---|---|---|
| Auðlinda- og umhverfisfræði | AUUM 1AU05 | 5 ein. |
| Danska | DANS 2ST05 | 5 ein. |
| Enska | ENSK 2SG05 • 2LS05 • 3RO05 • 3SR05 | 20 ein. |
| Heilsufræði | HEIF 1NH03 • 1ÞJ03 • 1ÞH02(1) • 1ÞH02(2) | 10 ein. |
| Inngangur að vísindum | INGA 1HF05 • 1NR05 | 10 ein. |
| Íslenska | ÍSLE 2GO05 • 2NH05 • 3LF05 • 3FM05 | 20 ein. |
| Stærðfræði | STÆR 2FG05 • 2TL05 | 10 ein. |
| Verk- og listgreinar * | | 5 ein. |
| Verkefnavinna | VERK 3VR05 | 5 ein. |
| Þemavinna | ÞEMA 1OV05 | 5 ein. |
| Þriðja mál (spænska eða þýska) | SPÆN 1HR05 • 1RL05 • 1TS05 • 2SK05<br>ÞÝSK 1GF05 • 1MÁ05 • 1SM05 • 2ÞL05 | 20 ein. |

* Nemendur velja verk- og listgreinar af framboði skólans eða annarra skóla.

### Sérhæfing • 25 einingar

| | | |
|---|---|---|
| Aðferðafræði | RANN 3EM05 | 5 ein. |
| Félagsfræði | FÉLA 2FS05 • 2KF05 | 10 ein. |
| Saga | SAGA 2AK05 | 5 ein. |
| Stærðfræði | STÆR 3ÁT05 | 5 ein. |

## Bundið val - námslínur • 40 - 45 einingar

| | | | |
|---|---|---|---|
| Danska | DANS | 2SS05 • 3FB05 | 10 ein. |
| Enska | ENSK | 3AE05 • 3SA05 | 10 ein. |
| Erlend samskipti | ERLE | 2ER05 • 3ER05 | 10 ein. |
| Fjölmiðlafræði | FJÖL | 2FS05 • 3MV05 | 10 ein. |
| Heimspeki | HEIM | 2IS05 • 3HS05 | 10 ein. |
| Íslenska | ÍSLE | 3VB05 • 3VM05 | 10 ein. |
| Kynjafræði | KYFR | 2IN05 • 3KM05 | 10 ein. |
| Landfræði | LANF | 2NM05 • 3HL05 | 10 ein. |
| Saga | SAGA | 2TU05 • 3VE05 | 10 ein. |
| Sálfræði | SÁLF | 2IN05 • 3ÞÞ05 | 10 ein. |
| Spænska | SPÆN | 2KV05 • 2ME05 | 10 ein. |
| Stjórnmálafræði | STJÓ | 2IS05 • 3AS05 | 10 ein. |
| Stærðfræði 1 | STÆR | 2HV05 • 3DF05 • 3DH05 | 15 ein. |
| Stærðfræði 2 | STÆR | 2HV05 • 3ÞV05 • 3SS05 | 15 ein. |
| Stærðfræði 3 | STÆR | 2HV05 • 3ÞV05 | 10 ein. |
| Þýska | ÞÝSK | 2FT05 • 3FÞ05 | 10 ein. |

Einnig má nemandi velja eina námslínu af annarri braut.

## Óbundið val • 15 - 20 einingar

Nemandi getur valið úr þeim áföngum sem eru í framboði í skólanum en einnig má meta nám frá öðrum skólum. Val nemenda á áföngum skal miða við að á brautinni alls séu 17-33% (34 - 66 einingar) á hæfniþrepi 1, 33-50% (66 - 100 einingar) á hæfniþrepi 2 og 17-33% (34 - 66 einingar) séu á hæfniþrepi 3.

**Alls 200 einingar**

# Inntökuskilyrði

Grunnskólapróf. Til að hefja nám á öðru hæfniþrepi í dönsku, ensku, íslensku eða stærðfræði þarf nemandi að hafa náð hæfnieinkunn B við lok grunnskóla eða að hafa lokið fyrsta þreps áfanga í þessum greinum.

# Skipulag

Kjarni brautar er 115 einingar og sameiginlegur með náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámsbraut. Sérhæfing á brautinni er 25 einingar, bundið val 40 einingar og óbundið val 20 einingar. Kjarni og sérhæfing er skylda á brautinni. Bundna valið er námslína sem er sett saman úr tveimur, stundum þremur, áföngum á sama fagsviði. Nemendur velja fjórar slíkar línur í bundnu vali og er skylt að velja að minnsta kosti þrjár þeirra af námslínum brautarinnar en eiga möguleika á að velja eina línu af öðrum brautum. Verkefnaáfangi í kjarna er tekinn undir lok námstímans og er eins konar lokaáfangi í framhaldi af námslínu nemandans þar sem val á efni ræðst einnig af áhugasviði og markmiðum náms. Námslok hug- og félagsvísindabrautar eru á hæfniþrepi 3. Val nemenda á áföngum skal því miðast við að 17-33% (34 – 66 einingar) séu á hæfniþrepi 1, 33-50% (66 – 100 einingar) séu á hæfniþrepi 2 og að 17-33% (34 – 66 einingar) séu á hæfniþrepi 3.

# Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- takast á við nám á háskólastigi í hug- og félagsvísindum.
- beita þekkingu og færni á gagnrýninn hátt við að skilgreina samfélagið með það að markmiði
  að ný þekking verði til.
- taka þátt í gagnrýnni umræðu á ábyrgan hátt.
- beita vísindalegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun.
- miðla fræðilegum upplýsingum á skapandi og fjölbreyttan hátt í ræðu og riti.
- gera sér grein fyrir mikilvægi félagslegrar, efnahagslegrar og menningarlegrar sjálfbærni fyrir samfélag sitt og samfélag þjóðanna.
- skilja nærumhverfi sitt og stöðu þess í alþjóðlegu samhengi út frá fræðilegum forsendum.
- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi.